

Samþykktir fyrir Sláturhúsið menningarmiðstöð - miðstöð sviðslista á Austurlandi

1. gr.

Stofnunin heitir Sláturhúsið menningarmiðstöð – miðstöð sviðslista á Austurlandi.

Aðsetur Sláturhússins er að Kaupvangi 9, Egilsstöðum.

2. gr.

Hlutverk

Hlutverk Sláturhússins menningarmiðstöðvar er að efla lista- og menningarstarf á Austurlandi og landinu öllu. Sláturhúsið er jafnframt sviðslistamiðstöð Austurlands.

3. gr.

Helstu verkefni

Þessu hlutverki sínu sinnir Sláturhúsið með því að:

- bjóða upp á fjölbreytta lista- og menningarstarfsemi með samstarfi við innlent og erlent listafólk,
- leggja áherslu á aðgengi allra þjóðfélags- og aldurshópa að sýningum og viðburðum,
- stuðla að og eiga í samstarfi við lista og menningarstofnanir á öllu landinu,
- styðja við listafólk með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn þannig að starfsemin endurspegli breiðan hóp listafólks og þátttakenda,
- vinna markvisst að því að efla og auka framboð fagverkefna innan sviðslista, m.a. með sýningum atvinnuleikhópa og samstarfsverkefnum við sviðslistahópa,
- standa fyrir fræðsluverkefnum fyrir börn og ungmenni, með áherslu á sviðslistir,
- bjóða upp á aðstöðu fyrir listafólk þar sem einstaklingar og eða minni hópar geta komið til dvalar og unnið að verkefnum sínum,
- miðla upplýsingum og veita ráðgjöf á sviði sviðslista.

4. gr.

Stjórn

Byggðarráð Múlaþings fer með stjórn Sláturhússins menningarmiðstöðvar.

Hlutverk stjórnar er að gera samþykktir og tillögu að fjárhagsáætlun miðstöðvarinnar og skipa í fagráð Sláturhússins.

Byggðaráð samþykkir gjaldskrá fyrir Sláturhúsið vegna útleigu á notkun húsnæðis miðstöðvarinnar.

Atvinnu- og menningarmálastjóri ræður forstöðumann Sláturhússins í samráði við sveitarstjóra.

5. gr.

Forstöðumaður

Forstöðumaður Sláturhússins fer með daglega stjórnun og rekstur miðstöðvarinnar. Hann ræður til hennar starfsfólk í samráði við atvinnu- og menningarmálastjóra sem er hans næsti yfirmaður.

6. gr.

Fagráð

Fagráð Sláturhússins er skipað fimm aðilum. Byggðaráð skipar að hausti fimm fulltrúa í fagráðið til tveggja ára í senn. Fulltrúar fagráðsins skulu hafa góða og faglega þekkingu á málefnum lista og menningar og þar af skal a.m.k. einn vera með þekkingu á sviðslistum. Hlutverk fagráðsins er, ásamt forstöðumanni miðstöðvarinnar, að:

- mark listræna stefnu og áætlun um helstu verkefni miðstöðvarinnar,
- vinna að þróun starfseminnar,
- fylgja eftir hlutverki og helstu verkefnum miðstöðvarinnar og vera málsvarar hennar.

Fagráðið er skipað, samkvæmt tilnefningu, einum fulltrúa tilnefndum af eftirtöldum aðilum og einum til vara:

- Listaháskóla Íslands,
- LungA skólanum,
- Bandalagi íslenskra listamanna,
- Leikfélagi Fljótsdalshéraðs, sem fulltrúa leikmanna,
- Atvinnu- og menningarmálastjóra Múlapings.

Fulltrúi atvinnu- og menningarmálastjóra er formaður fagráðsins.

Gæta skal jafnréttis við skipan í fagráðið.

Fagráð fundar tvisvar til þrisvar sinnum á ári og fær greidda þóknun fyrir fundasetu.

7. gr.

Forstöðumaður menningarmiðstöðvarinnar skal fyrir 15. janúar ár hvert skila byggðarráði greinargerð um starfsemi miðstöðvarinnar fyrir síðast liðið ár og jafnframt gera grein fyrir helstu áherslum í starfsemi og rekstri hennar fyrir komandi ár.

Rita skal fundargerðir fagráðs sem lagðar eru fyrir byggðaráð.

Samþykkt í sveitarstjórn Múlapings 15.11. 2023